



Kennari/ar: Guðfinna Gunnarsdóttir **Skammstöfun:** GG

Áfangalýsing: Í áfanganum þjálfast nemendur í undirstöðuatriðum leiklistar svo sem persónusköpun, spuna og látbragðsleik. Áhersla er lögð á að nemendur öðlist skilning á hinu fjölpætta eðli leiklistarinnar og hvernig hún tengist á órjúfanlegan hátt öðrum listgreinum. Kynnt eru hugtök og orðaforði sem tengist greininni. Nemendur eru þjálfaðir í ýmsum spunaaðferðum sem nýtast í leiklist. Unnið verður með sagnaadferðir og grímur, einnig tekist á við textavinnu og verkfærakista leikarans stækkuð. Einnig fá nemendur að kynnst Commedia del arte og tiplað verður á mismunandi aðferðafræði. Leikgleði og líkamleg meðvitund efst á baugi. Hópvinna, paravinna og einstaklingsvinna.

Markmið:

Þekkingarviðmið: Nemandi skal hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- grunnvinnu með persónusköpun.
- Grunnhugtökum í leiklist.

Leikniviðmið: Nemandi skal hafa öðlast leikni í:

- reyna á sig við úrlausnir verkefna í hópavinnu.
- að taka virkan þátt í spuna
- að tjá sig skýrt og geta gert grein fyrir aðferðum og útkomu verkefna.
- að skrifa dagbók fyrir bekkinn sinn.

Hæfniviðmið: Nemandi skal geta hagnýtt þá þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- Fá tilfinningu fyrir líkama sínum og rödd sem verkfæri í leiklist.
- Öðlast skilning á rými og líkamsvitund.
- Vinna verkefni í hópavinnu.
- Ræða og vinna með grunnhugtök í leiklist.
- Vinna spunaverkefni og þróa áfram
- ræða um persónusköpun
- vinna með leiktexta
- öðlast öryggi og sjálfstraust á leiksviði.

Námsefni: Textar og annað efni frá kennara.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Vika nr	Dagsetning	Námsefni - viðfangsefni	Próf og verkefni
1.	6.jan	Kynning á áfanga/ hópefli/ umræður/leikir/tengingar/spuni	Dagbók/pælbók
2	11– 15.jan	Spuni- jákvæðni- hvernig segi ég sögu?	Dagbók/pælbók
3.	18.-22. jan	Stuttir spunar – æfingar í líkamsbeitingu	
4.	25. 29. jan	Líkaminn – hlustun - hópvinna	
5.	1 - 5. feb	Örleikrit – að lesa texta	
6.	8. feb. – 12. feb	Textavinna – senur – hvað er texti? Raddbeiting - fókus örleikrit	Undirbúa heima
7.	15. feb– 19. feb	Persónusköpun – örleikrit?	
8.	22.– 26. feb	– rýmisvinna – taktur - status –	
9.	29.feb. – 4. mars	Vinna með texta /orð - spuni persónur – hot seat	Koma með efni
10	7.– 11. mars	Stefnumörkun örverkasýningu– lengri spuni - æfingar	Koma með efni
11	14. – 19. mars	Undirbúningur f. örverkasýning	
12	22. – 27. mars	páskafri	
13	19,mars – 1. apríl	örverkasýning	
14	4.- 8.apríl	Leikhúsferð?	
15	11. – 15.apríl.	Verkefni leikhúsferð	
16	18.-22.apríl	Lokaverkefni kynnt	
17	25.-29.apríl	Vinna við lokaverkefni	
18	2.-6. maí	Lokaverkefnisvinna og skil	
19	9.-11. maí	Lokaverkefni –skil - viðtöl	

Unnið verður jafnóðum með stöðugum æfingum sem kennari metur inn í einkunn. Nemendur vinna eitt lokaverkefni út frá þeim æfingum sem þeir hafa lært. Einnig verður útfært verkefni í örverkum.

Nemendur vinna ígrundunarbók sem þeir skrifa í alla önnina, bókin á að endurspegla skilning á þeim þemum sem tekin eru fyrir í kennslu. Nemendur skila bókinni til yfirferða 2 sinnum á önninni. Opinn tími í lok annar liggur til grundvallar við mat á framförum á önninni.

Nemendur skila ígrundunarbók í lok annar.

Sérreglur áfangans: Mjög mikilvægt er að nemendur mæti í alla tíma með bros á vör og jákvæðni að leiðarljósi. Tímaástundun spilar stóran þátt í árangri og vinnu. Mikil hreyfing er í áfanganum og því mikilvægt að nemendur mæti í tíma í þægilegum klæðnaði.

Námsmat:

Námsmat	Lýsing	Vægi
---------	--------	------

Vinnulag nemanda	Vinna á önninni miðast við frammistöðu, áhuga og atorkusemi í tímum, einbeitingu, mætingu, framfarir og undirbúning. Framlag í sameiginlega dagbók.	40%
Persónuvinna	Skriflegt verkefni - Hlustun, rödd, líkamsbeiting, einlægni, undirbúningur.	20%
Ígrundunarbók	Dagbók þar sem nemendur skrifa um hvað var gert og hvernig nemandi metur það sem lærðist.	15%
Örverkasýning	Þáttaka og undirbúningu	10%
Leikhúsferð	Ferð í leikhús - verkefni	5%
Lokaverkefni/greinagerð	Persónulegur gjörningur/verkefni	10%

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar. Guðfinna Gunnarsdóttir.